

Formannafundur faghópa Rammaáætlunar

2. fundur, föstudaginn 12. desember, kl. 11:00 í Iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: **Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Tómas Þór Tómasson, starfsmaður verkefnisstjórnar, sem skrifaði fundargerð.**

Fundarfrásögn

1. Kynning háhitahóps. Fundurinn hófst á kynningu Halldórs Ármannssonar á störfum Ráðgjafahóps um mat á háhitasvæðum. Störf hópsins eru langt komin og líklega mun hópurinn skila helstu niðurstöðum í janúarlok. Starfsmaður mun senda fundarmönnum afrit af kynningu Halldórs.

2. Orkukostir til mats. Komin er mynd á lista yfir þá orkukosti sem rammaáætlun mun fjalla um. (Sjá minnisblað frá verkefnisstjórnarfundum 12. Des.). Orkustofnun taki að sér að ganga frá vatnsorkukostum og leiti eftir álitni orkufyrirtækjanna. Hugsanlega væri vert að leita einnig til stærstu verkfræðistofa landsins. Amk. munu eftirtaldir vatnskostir metnir: kostir sem voru til mats í 1. áfanga og viðbótarkostir af lista í Framvinduskýrslu 2007 (bls. 19). Líta til vatnasvæða og skilgreina hvaða virkjanir eru á hverju vatnasvæði. Háhitakostir: Skv. niðurstöðum ráðgjafahóps um mat á háhitasvæðum. Hugsanlega mun listinn taka smávægilegum breytingum í meðförum faghópanna.

Kynnt var óformlegt tilboð frá Sigmari Metúsalemssyni (Alta) um afnot af kortagrunni þar sem setja má inn þekjur eru lýsa virkjunarhugmyndum. Tilboðið hljóðaði upp á 1.200 þús. Kr. m/vsk.

3. Faghópur III. Samþykkt var að leitað yrði eftir því að Kjartan Ólafsson, formaður faghópsins, verði hér eftir áheyrnarfulltrúi á verkefnisstjórnarfundum. Rætt var um mögulega nálgun hópsins og reifaði Kjartan ýmsar hugmyndir. M.a. kom fram í máli hans að virkjanaframkvæmdir hefðu breyst að eðli í áranna rás; nú væri mun síður litið til vinnuafls á heimasvæði virkjana heldur kallað eftir sérhæfðri þekkingu og sérfræðingum lengra að, jafnvel til útlanda. Þegar kemur að virkjanaframkvæmdum er því atvinnuþátttaka nærsvæða og ófaglærðra minni en áður. Á móti komi að mikil áhætta sé fólgin í því að notast í stórum stíl við innlent vinnuafli í tímabundin – oft sérhæfð – verkefni því að törninni lokinni getur vinnuaflið ekki horfið til baka í fyrri störf. Við bætist að þegar enginn þjónustukjarni er í nágrenni framkvæmdasvæða verða áhrif af framkvæmdum enn minni þar sem framkvæmdaaðilar byggja hreinlega upp þjónustu í næsta nágrenni.

4. Erindisbréf. Lagt var fram uppkast að erindisbréfi meðlima í faghópum og það samþykkt með smávægilegum breytingum. Starfsmaður mun ganga frá bréfunum og formaður verkefnisstjórnar undirrita þau á fundi þann 19. des.

Fundi slitið kl. 12:50.